

## ÖRNEFNASTOFNUN

N-Múlasýsla Fellahreppur  
Skógargerði 1

Samlesið G.S.M.

Gísli Helgason skráði örnefni Skógargerðis 1961. Hann var fæddur 1881 , kom í Skógargerði 1882 og átti þar heima til dauðadags 1964. Eiríkur Eiríksson skráði 1971 athugasemdir og viðbætur eftir Helga Gíslasyni verkstjóra, Helgafelli. Hann er fæddur 1910, uppalinn í Skógargerði, sonur Gísla Helgasonar. Athugasemdum hans og viðbótum er hér bætt inn í skrá Gísla.

Áttarmiðanir eru sem her segir:

Út = norðaustur.

Inn eða fram = suðvestur.

Upp (p.e. í att til Fellaheiðar) = norðvestur.

Niður (að Lagarfljóti) = suðaustur.

Út og upp = norður.

Út og niður = austur.

Fram og upp = vestur.

Þessar áttarmiðanir eru oftast notaðar í daglegu tali. Auk þessa er sagt þar, eins og annars staðar á Héraði, **austur** = sem næst suðaustri, og **norður** = nálægt norðvestri.

Skógargerði mun upphaflega vera hjáleiga frá Urriðavatni. Jörðin fór í eyði 1970.

Lagarfljót (1) liggur meðfram Skógargerðislandi að austan. Bærinn stendur stutt frá því, þar sem Rangá (2) fellur í það, en hún fellur á ská ofan fyrir utan landið og einnig út fyrir ofan það og girðir því landið á tvo vegu, en Fljótið (3) á einn.

Bærinn stendur utan í háum ásenda, sem hækkar ört inn eftir og heitir **Bæjarás** (4) .

**Hábæjarás** (5) heitir þar sem hann verður hæstur. Þar byrja klettabelti allmikil í austurbrúninni, sem ná inn að landamörkum, með smá skörðum þó. Þar um mörkin liggur djúp dæld niður að Fljóti framan við ásin, frá norðvestri til suðausturs.

Má rekja þessa sprungu skáhallt yfir Hérað, fjalla milli.-p

Frá klettabeltinu niður að Fljóti eru þrír og fjórir hjallar niður að Fljóti. **Efstihjalli** (6), **Miðhjalli** (7), **Langihjalli** (8), sem er neðstur; **Stakihjalli** (9) er einn kallaður.

Á Miðhjallaenda er stór steinn, kallaður **Stóristeinn** (10). Upp af honum er grýtt hæð, nefnd **Stórasteinshæð** (11). **Bollar** (12) heita milli hjallanna utan til, **Rjúpnaker** (13) og **Brúarkelda** (14) er þar líka. Utan við Brúarkeldu er ávöl hæð við Lagarfljót, sem heitir **Stórahæð** (15). Undan Stóruhæð er **Skógargerðisvað** (16) á Lagarfljóti. **Hjallar** (17) hét þetta stykki allt einu nafni, þar til ég hlóð garð inn í klettabeltin, og svo í skörðin, en girti svo með gaddavír fyrir framan stykkið, niður yfir **Markamýri** (18) niður í Fljót, rétt um klett þann, sem **Forvaði** (19) heitir þar í brekkunni, en Fljótið fellur þar oft upp að klettinum. Í seinni tíð er þetta land oftast kallað **Girðingin** (20), en ekki Hjallarnir.

Innst á Bæjarás er klettur, stundum nefndur **Innstiklettur** (21). Ofan við Bæjarásinn liggur **Bæjarsundið** (22), nokkuð breið mýri framan til. Þar er í því klettholt litið, sem heitir **Þröskuldur** (23) (þrepskjöldur). Eftir það verður sunðið þröng skora, sem nær út að túni.

Ofan við sunðið liggur **Miðás** (24), víða með háum og miklum klettum, sem enda í þverhníptum hamri her ofan við bæinn, kallaður **Miðasendi** (25). Þá kemur **Miðsund** (26), dálítið rúmt. Í því eru tvo smáholt, sem heita **Torfholt** (27). Þar var skorið torf áður. Þá tekur við **Rangárás** (28) sem nær út að Rangánni og inn að **Þverlág** (29), en það er

hin áðurnefnda sprunga. Innan við þverlagina heitir **Flatás** (30) inn að mörkum, sem er stutt leið. A Flatásnum er mýrarblettur, rétt við landamerki Skógargerðis og Urriðavatns, sem Helgi Gíslason segir að heiti **Hvítamýri** (31). Elís Pétursson á Urriðavatni (sbr.

Skrá þar) nefnir þessa mýri **Mjólkurmýri** (32). **Langaskot** (33) gengur inn með Rangárásnum innan til að austan. Við ytri enda þess er kletthraun, sem heitir **Vörðuhraun** (34). Utar á ásnum er **Stakahraun** (35) og **Rangarásklettur** (36).

Ofan við Flatás og Rangárásinn fremst er **Stórablá** (37), breið og blaut mýri. Úr henni liggur **Einbúasund** (38) vestan við **Einbúann** (39), en **Einbuafló** (40) austan við hann. **Torfholt** (41) heita holt tvö, innan við Einbúa. Þar var þurrkað heyjatorf, sem skorið var í blánni.

Utan við Einbúann og ofan við Rangárás heitir **Stekkablá** (42) fyrst, en síðan **Græfur** (43). Þar hafa lækir tveir ræst rækilega fram, og einkum annar grafið sig djúpt niður, svomýrlendið er þar orðið að harðvellsþýfi. Þetta eru kallaðar Græfur. Ofan við

Stekkablá og Græfur er Stekkás (44), hann er lágur og klettalítill og endar við mýrarhall, sem heitir **Enni** (45), en þar fyrir innan heita **Holt** (46) ofan við Stórublána. Meðal þeirra er stæðilegur klettur, sem heitir **Stapi** (47). Ofan við Holtin meðfram **Stóraásnum** (48) gengur langur holtsrani, sem heitir **Langholt** (49), en **Langholtsmýri** (50) milli þess og Stóraássins. Ofan við Stekkás heita **Mýrar** (51), allbreiðar og hallandi út að ánni. Þá tekur við lágur, en dálítið breiðurás, sem heitir **Tóttaás** (52). Við ána utan við hann er **Þversund** (53) og móar þar heitir **Hagi** (54). Innst á Tóttaásnum eru Skógargerðisbeitarhús (55). Hækkar hann mikið þar fyrir innan og heitir þá **Stórás** (56) áður. Vestan við hann er **Stórásund** (57), sem brátt breikkar, og heitir þá **Bótarblá** (58) ofan við Tóttaásinn. Þá tekur við lágur og mjór ás, sem heitir **Litliás** (59), og ofan við hann mýri, sem heitir **Litlaásmýri** (60) og nær að stórum ás, sem heitir **Bótarás** (61). Þá koma enn mýrar ofan við Bótarás, sem heita **Skot** (62) á kafla, þar sem klettahlein skiptir mýrinni í tvo mjó sund. Efst er svo hryggur meðfram Rangánni, sem heitir **Háahraun** (63), þar sem hann er hæstur. **Árkrókur** (64) heitir þar sem áin vinkilbeygir ofan utan við Bótarásinn. **Bótarástjörn** (65) er í mýrinni neðan við ásin. Hún var nokkur hætta, en er nú svo vatnslítill orðin, að ekki sakar. **Stórástjörn** (66) er austan við Stórásinn, var hylldjúp og hættuleg. Hún var ræst fram og er nú að mestu horfin. Neðan við Stórástjörn er mýrarhall, sem heitir **Innraenni** (67)

Utan við Græfurnar er **Hólmi** (68) í ánni. Kringum hann rennur mjó **Kvísl** (69). Þar var kornmylla. Stundum voru hættur í Kvíslinni, því féð sækir í Hólmann héðan. Neðan við Hólmann heitir **Tangi** (70), sem skagar nokkuð út eftir, hlaðinn upp ur mölinni, sem Rangá hefur borið niður á láglandið, sennilega síðast á jökultíma. Þessir móar, úr mölinni gerðir, eru hér beggja megin ár. Seinna, þegar vatnið tekur að fjara í fljótinu, grefur áin sig svo niður í þetta þykka malarlag, koma þá fram hvammar, lænur, sléttir bakkar á milli eða móar.

Rétt neðan við Tangann er **Litlibotn** (71), en örlitlu neðar **Stóribotn** (72) eða **Stórhvammur** (73). Þar var þrautavað á Rangá og kallað Stórahvammsvað (74) eða stundum **Efstavað** (75), því tvo vöð voru á ánni neðar, **Berjaholtsvað** (76) og **Neðstavað** (77), alveg niður við fljót og aðeins notað, þegar öll vötn voru örlítill.

Þá eru her lænur nokkrar utan og neðan við túnið, en mikið er meira af lænum og hvömmum utan við ána; lá við að Rangárbóndi væri öfundaður af því í fyrndinni, því þetta voru góðar engjar, en tún þá lítill. Læurnar eru fjórar: **Fremstalæna** (78), **Bollalæna** (79), **Miðlæna** (80) og **Efstalæna** (81). Milli þeirra voru móar litlir, sem nú

eru orðnir tún. Ofan við læurnar gengur melhryggur út að Ranganni, endi hans við ána heitir **Melshorn** (82). Auk lænanna eru bakkablettir, litlir þó sumir, **Berjaholtsbakki** (83), **Ytribakki** (84) og **Fremribakki** (85) stærstur meðfram fljótinu, sem gaf 10 til 15 hesta. **Stórhólmi** (86) er þar líka.

Spölkorn innar er **Litlihólmi** (87). Ef fljótið flæddi vel upp í læurnar og þessa bletti á vorin, gáfu þeir um 40 til 50 hesta af töðugæfu heyi árlega, og var þá vel notað. Rangárhvammarnir (88) gáfu 150 og allt upp í 200 hesta.

Þó nú hafi verið girt úr Lagarfljótinu upp í Rangá, á mörkum Skógargerðis og Urriðavatns, er rétt að rekja landamerkin á þeirri línu: Forvaðinn er þá fyrst við fljótið. Þá er stór steinn eða klettur framan við **Bæjarásendann** (89), merktur L.M., þaðan í vörðu a **Flatásbrúninni** (90), en síðan er steinn í miðjum Flatás, sem klappað er á L.M. Þá kemur varða á austurbrún Stóraáss og önnur að vestan, en þaðan liggur línan í stein fremur litinn á Bótarásnum, sem er merktur L.M., og þaðan í stóran stein framan við Háahraun, skammt frá ánni.

Enn má víkja að ýmsu í túninu og við það. Um eldra túnið hafði verið hlaðinn traustur garður, úr grjóti á útbrún en torfi að innan, alltaf kallaður **Garðurinn** (91). Ég reif þennan garð allan niður, þegar ég var að gera þakslettur í fyrndinni og undraðist, að honum skyldi ekki haldið við, eins og það virtist auðvelt.

Túnstærðin mun hafaverið 2 til 3 dagsláttur, líklega nær þremur. **Hóllinn** (92), sem kallaður var, neðan við bæinn var stærsta spildan. Framan við bæinn var nær því slett spilda, kölluð **Tunga** (93) þá tel ég víst, að verið hafi kornakur fyrrum, enda á Hólnum líka, því hann er langur og sléttur. Fjánhús hafa svo verið reist utan við túngarðinn, þar hefir svo ræktast út og verið girt síðan. Hét þar **Bjarnahústún** (94) og **Lambhústún** (95), hvort tveggja sérgirt. **Kofatún** (96) var líka til. **Kviahraun** (97) er fast við túnið þar voru tvær kvíar úr torfi og grjóti, sem voru notaðar, meðan fært var frá ám. Bæjarsundið, sem nú er orðið tún, liggur hér ofan við túnið út með hæðardragi, sem heitir **Kvíaból** (98). Þar eru greinilegar tættur af kvíum, réttum og fleiri mannvirkjum.

Á Bjarnahústúni var fjánhús, kallað **Bjarnahús** (99) (fbr. Bjannahús). Þar eru nú gripahús í Skógargerði. Lambhústún (aðurn.) er utan við íbúðarhúsið. Þar stóð **Lambhús** (100). Gamli bærinn í Skógargerði stóð spölkorn neðan við íbúðarhúsið sem nú er. Þar er nú trjágarður.

Kofatún (aðurn.) er í brekku utan við gamla bæinn. Þar stóð kofi, nefndur

**Magnúsarkofi** (101). Hann dregur nafn af því, að þar stóð uppi lík Magnúsar Ívarssonar bónda í Hjarðarhaga á Jökuldal, sem drukknaði í Lagarfljóti, skömmu eftir 1920. Lík hans rak neðan við túnið í Skógargerði.

Nokkuð innan við gamla bæinn er fjárhús, kallað **Leyningshús** (102) . Næst í túninu var hálfdeigjumýri, kölluð **Fit** (103), nú framræst og ræktuð. Fremst og neðst í túni er sandeyri við Fljótið, sem heitir Horn (104).

Inn af Leyningshúsi, rétt utan við túngarð, eru rústir af stekk, nafnlausar.

Allt fram að aldamótum nægði taðan hér tæplega tveimur kúm. Túnið lá hátt, var harðlent og brann tíðum, eftirað vikurgosið kom 1875. Hinsvegar spruttu mýrarnar og sundin vel undan vikrinum, svo hér fengust um 200 hestar, eða vel það, af sæmilegu útheysi og sumu góðu, einkum úr Stekkablá og Lænunum.

Vikuraskan gerði fleira gott en að bera a landið. Hún sóttreinsaði það líka. Mér sögðu gamlir menn, að á árunum fyrir gosið hefði verið hér eindæma óhreysti í sauðfé, sóttir, pestir og fleira. Ormaveiki kunni þá enginn að nefna. Þeir sögðu að það hefði ekki litið ýtt undir Ameríkuferðirnar, að þeir ályktuðu karlarnir, að nú yrði hér ólíft, þegar öskufarganið bættist nú við allt, sem við var að stríða áður. En þetta fór á annan veg. Vitað er, að ormar valda mörgum kvillum í sauðfé, en þeir lifa annað tilverustig í jörðinni, en lírfurnar berast svo aftur í féð með beit og heyi. Nú sleit askan þessa hringrás. Hún drap allt, sem í jörðinni var og í hana kom fyrstu árin. Svo mikið er víst, að hér um slóðir varð engri skepnu misdægurt í mörg ár, eða allt til aldamóta og víða lengur, jafnvel til 1920. Þá er það staðreynd, að féð varð svo vænt á haustum, að annað eins þekkist nú ekki her. Ég læt vera að fjölyrða um þetta frekar, enda mun það eiga annars staðar heima en hér.

Skógargerði, 28. okt. 1961,

Gísli Helgason.

## Stafrófsskrá örnefna.

Árkrókur 64	Hólmi 68	Rangárhvammur 88
Berjaholtsbakki 83	Holt 46	Rjúpnaker 13
Berjaholtsvað 76	Horn 104	Skógargerðisbeitarhús 55
Bjarnahús 99	Hvítamýri 31 = 32	Skógargerðisvað 16
Bjarnahústún 94	Innraenni 67	Skot 62
Bollalæna 79	Innstiklettur 21	Stakahraun 35
Bollar 12	Kofatún 96	Stakihjalli 9
Bótarás 61	Kvíaból 98	Stapi 47
Bótarástjörn 65	Kvíahraun 97	Stekkablá 42
Bótarblá 58	Kvísl 69	Stekkás 44
Brúarkelda 14	Lagarfljót 1 ;: 3	Stórablá 37
Bæjarás 4	Lambhús 100	Stórahvammsvað 74 = 75
Bæjarásendi 89	Lambhústún 95	Stórahæð 15
Bæjarsund 22	Langaskot 33	Stórás 56 = 48
Efstalæna 81	Langholt 49	Stórásund 57
Efstavað 75 = 74	Langholtsmýri 50	Stórasteinshæð 11
Efstihjalli 6	Langihjalli 8	Stórastjörn 66
Einbúafloi 40	Leyningshús 102	Stóriás 48 = 56
Einbúasund 38	Litlaásmýri 60	Stóribotn 72 = 73
Einbúi 39	Litliás 59	Stórihólmi 86
Enni 45	Litlibotn 71	Stórihvammur 73 = 72
Fit 103	Litlihólmi 87	Stóristeinn 10
Flatás 30	Magnúsarkofi 101	Tangi 70
Flatásbrún 90	Markamýri 18	Torfholt 27
Fljótið 1	Melshorn 82	Torfholt 41
Forvaði 19	Miðás 24	Töttaas 52
Fremribakki 85	Miðásendi 25	Tunga 93
Fremstalæna 78	Miðhjalli 7	Vörðuhraun 34
Garður 91	Miðlæna 80	Ytribakki 84
Girðing(in) 20	Miðsund 26	Þröskuldur 23
Græfur 43	Mjólkurmýri 32 = 31	Þverlæg 29
Háahraun 63	Mýrar 51	Þversund 53
Hábæjarás 5	Neðstavað 77	
Hagi 54	Ranga 2	
Hjallar 17	Rangarás 28	
Holl 92	Rangarásklettur 36	